

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál nr. 1/2015-2016

Kærandi: María Henley

Kærði: Lóa Pind Aldísardóttir

Kæruefni: Birting skjáskots í sjónvarpsþættinum „Brestum“ af fésbók með ummælum kæranda.

Málsmeðferð:

Siðanefnd barst kæran bréflega 27. apríl 2015. Viðbrögð hins kærða bárust 20. maí 2015. Siðanefnd fjallaði um málið á fundum sínum 12. maí og 9. júní.

Málavextir:

Í sjónvarpsþættinum „Brestir“ 13. apríl, sem fjallaði um afstöðu Íslendinga til útlendinga hér á landi, birtist skjáskot með ummælum kæranda. Skjáskotið var sýnt sem hluti af ummælum sem fallið hafa á samfélagsmiðlum hér á landi varðandi málefnið. Kærandi telur að ummæli hennar á fésbók séu slitin úr samhengi og birt að henni forspurðri. Hún gerir einnig athugasemd um að í skjáskotinu sé birt andlitsmynd hennar.


Umfjöllun:

Hinn kærðu ummæli og mynd voru tekin af opnu svæði á netinu. Þau voru óstytt og siðanefnd telur því að þau hafi ekki verið slitin úr samhengi. Kærandi verður að sæta því að til ummæla hennar, sem hún sjálf hefur birt opinberlega, sé vitnað í fjölmöldum.


Úrskurður:

Lóa Pind Aldísardóttir umsjónarmaður „Bresta“ telst ekki hafa brotið gegn siðareglum Bí í hinni kærðu umfjöllun.


Reykjavík 9. júní 2015



Björn Vignir Sigurpálsson




Hjörtur Gíslason



Ásgeir Þór Árnason



Friðrik Þór Guðmundsson



Róbert H. Haraldsson